

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1128  
komudagur 5.3.2010

FÉLAG  ATVINNUREKENDA

Nefndarsvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. mars, 2010

**Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, 197. mál. (Lagt fyrir á Alþingi á 138. löggjafarþingi.)**

### I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtar allsherjarnefndar Alþingis dagsett 25. febrúar 2010 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

### II. Ábendingar


Félagið telur að umrætt frumvarp feli í sér breytingar sem séu jákvæðar. Leiða má að því líkur að margir aðilar hafi gripið til ráðstafana í kjölfar hruns bankanna sem flokkast geta sem málamyndagerningar og undanskot eigna. Reglan um jafnræði kröfuhafa er ein mikilvægasta reglan í gjaldþrotaskiptalögunum. Með gjaldþrotaskiptum er annars vegar reynt að koma í veg fyrir að skuldari mismuni kröfuhöfum með því að velja hvaða kröfuhöfum hann greiði. Hins vegar er einnig reynt að koma í veg fyrir að skuldari ráðstafi eignum sínum með gjöfum eða málamyndagerningum til að eiga síðar innhlaup hjá tilteknum kröfuhöfum eða til að koma eignum sínum undan aðför kröfuhafa. Ljóst er að líkur muni aukast á því að takmarka megi tjón af völdum ofangreindrar háttsemi, með því að lengja riftunarfrest vegna ráðstafana sem gerðar voru á tímabilinu frá 6. október 2008 til 31. desember 2011 um fjögur ár fyrir frestadag.

### III. Annað

Að lokum áskilur Félagið sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stígum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt



Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl.  
Yfirlögfræðingur Félags atvinnurekenda